



Viðauki við samning Knattspyrnufélagsins Fram og Reykjavíkurborgar, dags. 17. september 2017

Knattspyrnufélagið Fram, kt. 491090-0139 (hér eftir nefnt „Fram“), og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149 (hér eftir „Reykjavíkurborg“), gera með sér eftirfarandi viðauka við samning þann sem samþykktur var á fundi borgarráðs 6. júlí 2017 og samningsaðilar undirrituðu þann 17. september 2017, (hér eftir vísað til sem aðalsamnings) og byggður var á sameiginlegri viljayfirlýsingu aðila, dags. 2. mars 2004.

Á fimmtíu ára afmæli Fram, vorið 1958 tilkynnti þáverandi borgarstjóri Gunnar Thoroddsen að Reykjavíkurborg hefði samþykkt að afhenda Fram landspildu við Safamýri. Örðugt hefur reynst að koma því í framkvæmd og því hefur aldrei verið gefin út lóðarleigusamningur um lóðina og því er Reykjavíkurborg skráður umráðaaðili allra fasteigna og mannvirkja á svæðinu.

Fram samþykkir að Reykjavíkurborg er eigandi af íþróttahúsi því sem stendur við Safamýri 26, Reykjavík, ásamt lóð, með undirritun sinni á viðauka þennan. Íþróttahúsið er fullgerð bygging á byggingar- og matsstigi 7, fastanúmer F2014692, merking 030101, landeignanúmer L103738, ásamt öllu því sem eigninni fylgir, s.s. fasteignum og mannvirkjum sem á heildarlóðinni standa. Birt stærð heildarlóðarinnar er 3710,9 m². Eignin er afhent Reykjavíkurborg án endurgjalds samkvæmt aðalsamningi aðila, dags. 17. september 2017 og án allra kvaða og veðbanda. Við undirritun á viðauka þennan er ágreiningi aðila um eignarhald á öllum mannvirkjum og lóð á Safamýri 26 lokið.

Samþykkt Fram á framangreindu eignarhaldi Reykjavíkurborgar er í samræmi við 7. gr. aðalsamnings aðila þar sem að íþróttahús og félagsaðstaða í Úlfarsárdal er fullbúin og starfsemi knattspyrnufélagsins hefur að fullu verið flutt í Úlfarsárdalinn.

Eignaskiptayfirlýsing er í vinnslu og er stefnt að því að henni verði lokið fyrir árslok 2024.

Samhliða afhendingu allra eigna Fram í Safamýri til Reykjavíkurborgar hafa aðilar sammælt um eftirfarandi áætlun í Úlfarsárdal með fyrirvara um samþykki fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar.

Árið 2025

- Unnin verði breyting á deiliskipulagi.
- Framkvæmdir verði hafnar við áhaldahús sem á að tengja íþróttahús við fyrirhugað knatthús.
- Lokið verði við blaðamannastúkur í íþróttasal og úti við keppnisvöl.

Árið 2026

- Unnið verði að hönnun og kostnaðaráætlun svokallaðs C+ knatthúss. Knatthúsið verði boðið út fyrri hluta árs 2026.


Árið 2027


- Bygging knatthúss hefst í samræmi við samþykta fjárfestingaáætlun, stefnt er að því að taka húsið í notkun árið 2029.




Að öðru leyti en því sem hér að framan er rakið gilda ákvæði aðalsamnings með þeirri undantekningu að tímalínur í aðalsamningi hafa riðlast m.a. vegna Covid-19.


Reykjavík, 8. nóvember 2024


F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. Knattspyrnufélagsins Fram

Vitundarvottar að rétttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:


Nafn, kt. 090485-2619


Nafn, kt. 010871-2049